

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 192/1994.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Lárusi Jökli Þorvaldssyni**

(Sigurður Georgsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. mars 1994 til þyngingar á refsingu.

Ákærði var gestkomandi í íbúðinni að Hverfisgötu 87 í Reykjavík, er hann sló eign sinni á þá muni, sem í ákæru greinir, og komst þýfið nær allt til skila. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lárusi Jökull Þorvaldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 1994.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms fyrr í dag, var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. janúar sl., á hendur Lárusi Jökli Þorvaldssyni, kt. 201254-4429, Barmahlíð 14A, Reykjavík, „fyrir þjófnað með því að hafa að kvöldi laugardagsins 4. desember 1993 stolið úr íbúð að Hverfisgötu 87 í Reykjavík sambyggðu útvarps- og segulbandstæki, borðlampa, eldhússpotti og baðhandklæði.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði játaði fyrir dómi brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og taldi atvikalýsingu í ákæru rétta. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Um málavaxtalýsingu vísast til ákæru sem rakin er hér að framan.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur málsgögn, telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru. Verðmæti þeirra muna, sem ákærði tók ófrjálsri hendi, er tiltölulega lítið en þeir hafa þó fjárhagslegt gildi. Telst því brot ákærða vera rétt heimfært til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði hlotið þrjú fangelsisdóma, samtals í 8 mánuði, á árunum 1986 til 1991 vegna auðgunarbrota og skjalafals. Þá hefur ákærði hlotið einn dóm og gengist undir 17 sáttir vegna brota á áfengis- lögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni á árunum 1971 til 1993.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess, að verðmæti þeirra muna, sem ákærði tók, var tiltölulega lítið. Þar sem ákærði hefur þrívægis áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, þykir refsing hans með vísan til 255. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Lárus Jökull Þorvaldsson, sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

---